



Fréttatilkynning til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra munu undirrita samkomulag um Íslensku menntaverðlaunin á Bessastöðum þriðjudaginn 5. nóvember næstkomandi klukkan 16:45. Auk þeirra munu fulltrúar átta annarra aðstandenda verðlaunanna undirrita samkomulagið. Forseti Íslands hefur skipað Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur skáld og rithöfund formann viðurkenningarráðsins sem velja mun verðlaunahafa. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 2005 fyrir atbeina forseta Íslands og með stuðningi sparisjóðanna en veiting þeirra féll niður árið 2012 í kjölfar bankahrunsins

Verðlaunin verða veitt í þremur flokkum: (1) til skóla eða annarrar menntastofnunar fyrir framúrskarandi starf; (2) til kennara sem stuðlað hefur að framúrskarandi menntaumbótum; (3) fyrir þróunarverkefni á sviði menntunar sem stenst ítrustu gæðakröfur. Að auki verður veitt hvatning til einstaklings, hóps eða samtaka sem lagt hafa af mörkum við að stuðla að menntaumbótum sem þykja skara fram úr.

Auk embættis forseta Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, koma að verkefninu Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

4. nóvember 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Ingvar Sigurgeirsson ritari Samtaka áhugafólks um skólaþróun (896 3829).